

BORGARRÁÐ 22. júlí 2021: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um gagnsæja ruslapoka - R21070173

Sorpa hefur ákveðið að leggja 500 króna álagsgjald á hvern ógagnsæjan poka sem viðskiptavinir endurvinnslustöðva skila. Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvað sé átt við með „gagnsæjum“ pokum. Fulltrúa Flokks fólksins finnst sjálfsagt að hindra notkun svartra plastpoka, en hvað með pappírspoka sem líka eru ógagnsæir? Þarf ekki að hugsa þetta aðeins meira og dýpra?